

Fundargerð stjórnarfundar

Staður: Fellahvarf 8

Tími: 18. febrúar 2010, kl. 20.00 – 22.30

Viðstaddir:

Hannes Siggason (HS) formaður

Frá Gilbraut: Sveinn Baldursson (SBa)

Frá Heiðarbraut: Sveinn Björnsson (SBj)

Frá Hlíðarbraut: Einar Ragnar Sigurðsson (ERS)

Frá Hólsbraut: Kjartan Kárason (KK)

Frá Króki: Hjalti Elíasson (HE);

Forföll:

Frá Keldudal: Guðrún S. Ólafsdóttir (GSÓ)

Dagskrá fundarins var svohljóðandi:

- 1) Fundargerð síðasta stjórnarfundar. Lýst eftir athugasemdum við fundargerðina sem hefur verið send stjórnarmönnum. Athugasemdir skráðar – ef einhverjar eru og fundargerðin síðan undirrituð. (Umsj. SBa)**
 - 2) Fjárhagsstaða félagsins (Umsj. KK)**
 - 3) Fréttir af stjórnarstörfum SR (Umsj. HE)**
 - 4) Skýrsla um ástand stofnbrauta, vegslóða og girðinga á Fellsmörk (Umsj. KK)**
 - 5) Verkefnalisti – Áherslumál stjórnar 2009-2010 – Sjá fylgiskjal með fundarboði. (Umsj. yfirferðar HS en allir stjórnarmeðlimir eiga verkefni á listanum)**
 - 6) Nýir leigusamningar við SR. Farið yfir það sem gerst hefur frá síðasta stjórnarfundum (Umsj. HS)**
 - 7) Önnur mál (Allir)**
-

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt af fundarmönnum.
2. Fjárhagsstaða félagsins: Óbreytt frá því síðast, þ.e. engin útgjöld frá því síðast.
3. Fréttir af stjórnarstörfum SR: Fundur var í síðustu viku. Þar kom m.a. fram að Heiðmörk væri stærsta verkefnið þar. Gróðursetning næstu ára miðar að því að setja niður 1.000.000 plöntur, en félagið hefur ekkert land til þess. Árið 2009 voru settar niður 195 þúsund plöntur í allt og þar af settu félagsmenn í Fellsmörk niður 13 þúsund plöntur og því með upp undir 10% af heildinni. Á 20 árum hafa verið gróðursettar 340 þúsund plöntur í Fellsmörk. Málefni FLÁF voru rædd sérstaklega. Formaður SR átti fund í landbúnaðarráðuneytinu. Niðurstaða var á fundinum að ráðuneytið fengi greinargerð frá SR varðandi skógræktarverkefnið í Fellsmörk.
4. Ástandsskýrsla: Lokadrög að skýrslunni voru lögð fram. Ákveðið var að bæta við fleiri skýringarmyndum í hana. Ákveðið var að bæta myndasýrpum um flóðin við sem fylgiskjali (nr. 5). Einnig að bæta við kafla nr. 5 með heitið "Niðurlag og tillögur". Stefnt er að því að klára skýrsluna fyrir mánaðamót.
5. Verkefnalisti: Ekki farið yfir sérstaklega.
6. Nýir leigusamningar við SR: Ekkert nýtt gerst. Samningstillaga liggur hjá SR.

7. Engin önnur mál rædd.

Fundi slitið um 22.30.

Fundargerðina ritaði Sveinn Baldursson.

Dreifing: Stjórn félagsins ; Heimasíða félagsins

Undirritaðir hafa lesið fundargerðina og eru henni samþykkir: